

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Við 3. gr. Lokamálsliður b-liðar falli brott.
2. Við bætist ný grein, 5. gr., svohljóðandi:
Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
 - a. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ hvarvetna í 1. og 2. mgr. kemur, í viðeigandi falli: undanþágunefnd.
 - b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Undanþágur skv. 1. mgr. veitir fimm manna nefnd sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila, einn fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur sem hann lætur birta með fullnægjandi hætti.
 - c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Undanþágur og undanþágunefnd.*
3. Við b-lið (14. gr.) 8. gr.
 - a. C-liður 2. mgr. orðist svo: Á skipum 500 brúttótonn og stærri: tveir stýrimenn.
 - b. Í stað orðanna „a- og b-liðar 2. mgr.“ í 3. mgr. komi: a-, b- og c-liðar 2. mgr.